

Anno 1797 þann 29da júní gjörðist sú sala og kaup á 5 hundruðum í jörðinni Gerðum í Landeyjum, innan Rangárvallasýslu, að presturinn séra Þórður Brynjúlfsson, fyrir hönd jómfrú Þórdísar Guðmundsdóttur, seldi áðurnefnd 5 jarðarhundruð hennar systur Valgerði Guðmundsdóttur fyrir 24 rd. croner og afsalar svo með þessu bréfi hérgreindan jarðarpart, með tuttugu og fjórum ríxdölum croner rigtuglega betalaðan, kaupandanum, velnefndri Valgerði, til átölulausrar og fullkominnar eignar.

Þetta svoleiðis að vera staðfesta seljendur og kaupendur með undirskrifuðum nöfnum

sem seljendur

sem kaupandi

Þórður Brynjúlfsson L.S.

Valgerður Guðmundsdóttir

með mínu ráði og vilja

L. S.

Þórdís Guðmundsdóttir

Viðstaddir vorum við ofanskrifaðan gjörning

Sigurður Ögmundsson

Bergþór Þórðarson

Upplesið fyrir lögbingisréttinum við Öxará þann 9. júlí 1798. Testera

M. Stephensen M. Ólafsson

/Th. Nicolaison

L. S. (= loco sigilli = í staðinn fyrir innsigli) er notað sem tákn fyrir innsigli í frumbréfi þegar skrifuð eru upp skjöl.